

sína, að hún flyttist til hans. Auk þess telur hann, að hún sé ekki ferðafær, og hafi ekki verið, og hefðu því legið næg rök til undanfærslu hennar á flutningnum.

Af hinum framlögðu skjölum verður ekki annað séð, en að styrkþeginn Guðrún Sæmundsdóttir hafi hafnað þeirri málaleitan gerðarþola, að hún flyttist til hans. Hins vegar verður að telja, að sú undanfærsla hennar hafi við nægileg rök að styðjast með tilliti til þess, að hún er orðin 82 ára að aldri og hefir dvalið, að því er séð verður, samfleytt á Akureyri 38 ár og er haldin sjúkdómi samkvæmt læknisvottorðum, sem gerir það að verkum, að lífi hennar getur verið hættu búin vegna flutningsins, ef ekki er gætt sérstakrar varúðar.

Með tilliti til þessa, sbr. 7. gr. 3. lið framfærslulaga frá 1935, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 13. desember 1940.

Nr. 29/1940. **Guðmundur Ögmundsson**

(Ólafur Þorgrímsson)

gegn

**bæjarstjóra Hafnarfjarðar f. h.
bæjarsjóðs**

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Maður talinn hafa eignast bifreið fyrir traustnám.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefir uppkveðið Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Áfrýjandi, sem hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1940, krefst þess, að hinn

áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir því sem fram hefir komið hér fyrir dómi, má telja víst, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi vitað um og látið viðgangast, að bíllinn var í bifreiðaskránni skráður á nafn Kristins Helgasonar, meðan Kristinn hafði hann undir höndum. Samkvæmt þessu og þar sem því hefir ekki verið hnekkt, að áfrýjandi hafi verið grandlaus um eignarheimild Kristins að bílnum, þegar kaupin urðu milli þeirra, þá verður að telja, að áfrýjandi hafi eignast bílinn fyrir traustnám. Ber því að neita um framgang innsetningargerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin umbeðna innsetningargerð á ekki að fara fram.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 6. apríl 1940.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 16. f. m., hefir bæjarsjóður Hafnarfjarðar farið þess á leit, að hann yrði settur inn í umráðarétt yfir bifreiðinni R. 146, sem nú er í vörzlum Guðmundar Ögmundssonar, Vífilsgötu 10 hér í bænum. Gerðarþoli hefir mótmælt framgangi gerðarinnar, og lögðu aðiljar atriðið því undir úrskurð fógætaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að því er fram kemur í skjölum málsins, að samkvæmt fundargerð framfærslunefndar Hafnarfjarðar 25. júlí 1933 hafði Kristinn nokkur Helgason, Lækjargötu 24 Hafnarfirði, leitað til framfærslunefndarinnar og tjáð henni, að hann sökum vanheilsu væri ekki fær um að vinna erfiðisvinnu, en mundi hins vegar samkvæmt álitni héraðslæknis geta stundað bílakstur, ef hann hefði bíl til afnota. Í sambandi við þetta leggur nefndin til, að athugaðir verði möguleikar fyrir útvegum á slíkum bíl, og að bæjarsjóður síðan kaupi hann, ef greiðsluskilmálar og annað reynist hagkvæmt, og láni svo Kristni bílinn til afnota eða þá aðstoði hann til að eignast bílinn. Sama dag voru síðan í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þessar tillögur fátækranefndar samþykktar. Þann 24. nóvember sama ár keypti bæjarsjóður Hafnarfjarðar því næst bifreið af Jóhanni Ólafssyni & Co með áskildum eignarrétti. Þann 19. desember sama ár var bifreið þessi því næst skráð á nafn Kristins Helgasonar sem H. F. 76 (síðar G. 17), en samkvæmt tilkynningu til bifreiðaskrárinnar í Hafnarfirði 9. júní 1939 selur nefndur Kristinn gerðarpóla Guðmundi Ögmundssyni bifreið þessa, og var hún þann dag strikuð út af skrá í Hafnarfirði, en mun hafa verið skráð hér í Reykjavík sem R. 146.

Gerðarbeiðandi hefir nú haldið því fram, að hann hafi keypt bifreiðina og átt hana alla tíð, en aðeins lánað Kristni Helgasyni hana til afnota, en hann hafi verið styrkþegi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Sé bifreið þessi eign sin bæði samkv. kaupsamningnum og svo 48. gr. framfærslulaganna.

Gerðarpóli hefir aftur á móti haldið því fram, að gerðarbeiðandi hafi keypt umrædda bifreið til þess að styrkja Kristinn Helgason, sem hafi átt við atvinnu- og heilsuleysi að stríða og átti sveit í Hafnarfirði. Fullyrðir hann, að bifreiðin hafi verið keypt inn á nafn bæjarins vegna þess, að þann veg hafi verið hægara að fá innflutningsleyfi fyrir henni. Hafi bifreiðin síðan verið leyst út af Hafnarfjarðarbæ og að mestu leyti greidd af honum, svo og yfirbygging hennar, en að því búnu afhent Kristni til fullrar eignar og umráða, enda hafi hann síðan haft allan

veg og vanda af bifreiðinni, notið tekna af henni og staðið straum af reksturskostnaði hennar og einnig greitt lítilsháttar upp í kaupverð hennar. Þann tíma, er Kristinn hafði bifreiðina, kveður gerðarþoli, að hann hafi farið með hana sem sína eign og þar á meðal veðsett hana óátalið af Hafnarfjarðarkaupstað. Telur hann, að hvorki eignarréttarsamningurinn né framfærslulögin geti heimilað gerðarbeiðanda töku bifreiðarinnar af sér, sem með samningi við Kristin hafi eignast hana.

Samkvæmt vottorðinu á rskj. nr. 14 er upplýst, að Kristinn Helgason hefir verið á framfæri Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 22. september 1931 til ársloka 1935, og samkvæmt vottorðunum á rskj. nr. 9, 10 og 12 og kaupsamningnum á rskj. nr. 2 er það einnig upplýst, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefir á því tímabili, eða 24. nóv. 1933, keypt umrædda bifreið og afhent Kristni Helgasyni hana. Verður ekki annað séð, en að þessi ráðstöfun hafi verið gerð með það fyrir augum að veita Kristni Helgasyni styrk, og bifreiðin sé því afhent honum sem framfærslustyrkur, sem hann ekki megi notfæra sér nema í þeim eina tilgangi, að hafa framfærslu af, enda verður það með öllu að teljast ósannað, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi nokkru sinni afhent honum eignarrétt að bifreiðinni, og skiptir hér engu máli, þótt bifreiðin hafi verið skráð á nafn Kristins, því það staðfestir ekki annað en það, að Hafnarfjarðarkaupstaður hefir ekki viljað bera ábyrgð á því tjóni, er ökumaðurinn kynni að valda með bifreiðinni.

Samkvæmt þessu verður að telja, að Kristinn Helgason hafi verið óheimildarmaður að því að selja bifreið þessa, og verður því ekki séð, að gerðarþoli hafi öðlazzt eignarrétt að henni. Verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.